

15. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir hafnarinnar samkvæmt 11. gr. greiði móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru frá höfninni.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Vestmannaeyjahöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Vestmannaeyjahöfn skiptist í:

- a. Innri höfn.
- b. Ytri höfn.
- c. Hafnarsvæðið.

- a. Innri höfn er hinn svokallaði Botn, og takmarkast af skjólgörðum á Hringskerí og Hörngaeyri og landinu í kring.

- b. Ytri höfn takmarkast af Heimakletti, Ystakletti að Klettsnefi og línu þaðan í hraunkantinn gegnt Klettsnefi (Skeglutanga).
- c. Hafnarsvæðið er austan við Heimaey, en hafnarlegan er norðan við Heimaey.
1. Hafnarsvæðið (án akkerislegu) er austan Heimaeyjar og nær yfir svæðið sem myndast innan við línur sem dregnar eru frá norðurkanti hraunsins gegn Klettsnefi (Skeglutanga) á miðja Bjarnarey að vestanverðu, þaðan í Elliðaey að norðvestan, þaðan í Faxasker, þaðan í Ystaklett og meðfram honum í Klettsnef, og úr því í hraunkantinn móti Klettsnefi (Skeglutanga).
 2. Norðurlegan nær yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Faxaskeri í Ystaklett, með honum og Heimakletti, Eiði, Klifi og Dalbjalli móts við Grasleysu, í hana og þaðan í Faxasker.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmsjón Hafnamálastofnunar ríkisins og ráðuneytis þess, sem fer með stjórn hafnarmála.

3. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs. Hafnarstjórnarfulltrúar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta: Bæjarstjóri, hafnsögumaður og hafnarvörður á fundum hafnarstjórnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má bæjarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi hann þar atkvæðisrétt.

Bæjarstjórn getur ráðið hafnarstjóra, samanber hafnalög nr. 45/1973 IV. kafla, 11. grein, ef hún telur þess þörf.

Undir stjórn hafnarstjórnar sér hafnarvörður um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður undir umsjón bæjarstjóra og hafnarstjórnar, eða öðrum, sem slíkt verður falið.

4. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skipar hafnsögumenn og hafnarverði, að fengnum tillögum hafnarstjórnar.

Til aðstoðar hafnsögumönnum og hafnarvörðum skulu vera svo margir starfsmenn, sem hafnarstjórn telur nauðsynlegt. Hafnarstjórn setur fastráðnum mönnum hafnarinnar erindisbréf.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann eða hafnarstjórn setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipan starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar lipurðar og kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert löglegt eða nauðsynlegt erindi eiga er bönnuð umferð og dvöl á landi hafnarinnar ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf, sem þar eru unnin.

Einnig má banna ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka og hafnarsvæði.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni, svo og á hafnarsvæðinu og fara eftir reglugerð um brunamál, XII. kafla, 88. gr., sem gefin er út skv. lögum nr. 37 1. apríl 1948.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum í höfninni svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnaryfirvalda. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema fyllstu varúðar sé gætt. Tóbaksreykingar og umferð með óbyrgðan eld er bönnuð á því svæði, sem unnið er að affermingu eða fermingu eldfimra efna.

Notkun skotvopna er bönnuð, án leyfis, á innri og ytri höfn.

Þá er skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til.

8. gr.

Verksmiðjum, fiskvinnslustöðvum, skipum og öðrum er bannað, að viðlagðri refsingu, sbr. lög nr. 77 frá 10. maí 1966, að láta renna eða dæla í höfnina lýsi, olíur, óhreinna kjölfestu, olíublandað vatn, sjó úr kjalsogum, eiturblönduð fljótandi eða föst efni.

Í innri höfnina má ekki kasta kjölfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúr-gangi, vírum, tógum, vöruleifum, vöruumbúðum eða öðru þess háttar.

9. gr.

Geymsla á tónum bensintunnum eða ílátum undan eldfimum efnum, svo og öðru sem sprengi- eða eldhætta getur stafað af, er bönnuð á bryggjum, hafnarhökkum eða á hafnarsvæðinu.

10. gr.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, eða neitt það sem getur valdið óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum, nema leyfi hafnarstjórnar komi til hverju sinni.

IV. KAFLI**Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.****11. gr.**

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

12. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Vestmannaeyja og ber að nota leiðsögu hafnsögumanns, skal gera boð um það til hafnarskrifstofunnar eða hafnsögumanns. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið út á hafnarlegur og hafnarsvæðið við Heimaey, ef skipstjóri æskir þess. Hafnsögumaður vísar skipinu til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við hafnarbakka.

Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipstjöl. Einnig er hafnsögumanni skylt að leiðbeina skipum á hafnarlegu, ef skipstjóri óskar eftir því. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

13. gr.

Ef sjúkdómur er í skipi, eða ef ástæða þykir til að ætla, að sóthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

14. gr.

Ef skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, sem segir til um hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 400 brúttórúmllestir og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns. Hafnarstjórn getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum.

15. gr.

Skip skulu að öðru jöfnu, nema hafnarstjórn þyki ástæða til vegna þrengsla í höfninni, fá afnot af hafnar- og bryggjurými í þeirri röð, sem þau koma inn í innri höfnina. Þó skulu póst- og farþegaskip og skip, sem taka neyðarhöfn, undanþegin þessu ákvæði.

Verði ágreiningur um rétt á hafnar- eða bryggjurými, sker hafnarvörður úr.

16. gr.

Eigi mega skip liggja á öðrum stöðum við hafnarbakka eða bryggju en þeim, sem hafnarvörður eða starfsmenn hafnarinnar hafa ákveðið. Heimilt er hafnarverði að flokka skip í legurúm við hafnarbakka, bryggjur eða í bátakvíum, og er öllum viðkomandi skylt að hlýða fyrirmælum hans.

Skylt skal hverju skipi, að nota traustar og öruggar festartaugar. Liggja skip í hliðarröðum út frá hafnarhökkum eða bryggjum, skal það setja traustar festar upp í hafnarbakka eða bryggju. Þyki hafnarverði ekki nægilega vel fest eða festartaugar ótryggar, getur hann krafist úrbóta hlutaðeigandi tafarlaust.

17. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

18. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju sinni við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilför hinna á hjálkabrá, eða á annan hátt. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

19. gr.

Skip, sem ekki ferma eða afferma, eða ekkert er verið að vinna við, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi affermingu eða fermingu annarra skipa og þau skulu jafnan skyld að hlýða boðum hafnsögumans, hafnarvarðar og annarra starfsmanna hafnarinnar, hvar þau megi liggja eða leggjast. Skipum, sem ekki er verið að ferma eða afferma og liggja að nauðsynjalausum í innri höfn, getur hafnarvörður skipað að fara út, sé þess þörf, til að önnur skip geti komist að til afgreiðslu.

Skipum má ekki leggjja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Ef skipstjóri eða eigandi tregðast við að hlýða boðum hafnsögumans eða hafnarvarðar um að flytja skip sitt, festa taugar eða strengi, er heimilt að gera það á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

Hafnarvörður getur fyrirskipað, að vörður sé um borð í skipum, ef honum finnst ástæða til.

20. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós eða dagmerki.

21. gr.

Skip, sem koma inn í innri höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkin, brandar dregnir inn og rám snúið.

22. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarstöpla eða festarhringi, að tilvísan hafnarvarðar.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða hafnarbökkum og varúðarmerkjum komið fyrir á festartaugum, sem á land liggja.

Skýlt er að hafa hlífar milli skips og bryggju eða hafnarbakka, ef hafnarvörður krefst þess.

23. gr.

Skipum, sem liggja bundin við bryggju eða hafnarbakka, er bannað, nema með leyfi hafnarvarðar, að láta aflvélar með viðtengdum gangskrúfum ganga með svo miklu afli, að hafnarmannvirkjum stafi hætta af eða valdi öðrum skipum óþægindum eða hættu.

24. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigenda og er hafnarstjórn heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gerist, þrifa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skips-eigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

26. gr.

Bannað er að leggja skipum í hafnarfjöru þannig, að það bagi vinnu við höfnina. Enginn má, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar, láta skip standa yfir fjöru við hafnarbryggjur.

V. KAFLI**Um fermingu og affermingu eldfimra efna.****27. gr.**

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, bensín, terpentínu, acetón eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfn, nema þau hafi fengið til þess leyfi hafnarvarðar og slökkviliðsstjóra hafi verið tilkynnt um farminn.

Um útskipun í skip á farmi, sem um getur í grein þessari, gilda sömu reglur og um affermingu.

28. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörslu við skip, sem ferma eða afferma vörur, sem um getur í 27. gr. Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Kostnað við öryggisvörslu greiðir farmflytjandi eða farmeigandi.

29. gr.

Skip, sem flytja eða hafa meðferðis þau eldfimu efni, sem um getur í 27. gr., skulu að degi til hafa rautt flagg í framsigli, en að nóttu rautt ljós. Skylt er að hafa uppi varúðarmerki á hafnarsvæði, þar sem slík efni eru fermd eða affermd.

VI. KAFLI**Um hafnargjöld í Vestmannaeyjum.****30. gr.**

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur, en samgönguráðuneytið staðfestir.

VII. KAFLI**Ýmis ákvæði.****31. gr.**

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja hurt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

32. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef sanningi verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

33. gr.

Nú veldur skip skemmdum á höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjórnar.

34. gr.

Hafnarverði skal tilkynnt um allt það, sem bjargað er úr höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

35. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

36. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjórnar eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjórn að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

37. gr.

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

38. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00. Sektirnar renna í hafnarsjóð Vestmannaeyja.

39. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála, og skulu þau rekin fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjar nr. 46 19. febr. 1970 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.